

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir bóta slysaftrygginga almannaftrygginga fyrir árið 2023.

#### 1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2015 um slysaftryggingar almannaftrygginga skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

- Dagpeningar, skv. 3. mgr. 11. gr., 2.741 kr. á dag.
- Dagpeningar vegna barns á framfæri, skv. 3. mgr. 11. gr., 615 kr. á dag.
- Upphæð miskabóta skv. 12. gr. fer að reiknireglu 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
- Dánarbætur, skv. a-lið, 1. mgr. 13. gr., 5.668.692 kr. eingreiðsla.
- Dánarbætur, skv. 2. mgr. 13. gr., 1.112.488 kr. eingreiðsla.

#### 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina verður svohljóðandi:

Ef útreikningur skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 108/2021 á eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnun liggur ekki fyrir 1. júlí 2023 til þeirra sem áður hafa fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun skulu þær lífeyrisgreiðslur framlengjast, þ.e. viðeigandi hlutfall af 59.678 kr. á mánuði þar til útreikningur á eingreiðslu liggur fyrir. Ef við á gildir hið sama um barnalífeyri, þ.e. viðeigandi hlutfall af 43.700 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2015, um slysaftryggingar almannaftrygginga, sbr. 13. mgr. 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2023 og kemur hún í stað reglugerðar með sama heiti nr. 1514/2022.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 19. júní 2023.*

**Willum Þór Þórsson.**

*Guðlaug Einarsdóttir.*